

246. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 25. apríl 2016, kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.
Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningur SOS 2015

Ólafur Gestsson, endurskoðandi PWC, og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, komu inn á fundinn. Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2015 og kynnti Ólafur Gestsson efni hans. Ársreikningur fyrir árið 2015 var staðfestur og undirritaður af hálfu stjórnar. Rekstrargjöld SOS árið 2015, eru 17,4 mkr. umfram tekjur.

2. Bílavigt í Kirkjuferjuháleigu

Jón G. Valgeirsson vék af fundi. Tekið var fyrir tilboð frá Tæknisviði uppsveita Árnessýslu í bílavigt í Kirkjuferjuháleigu.
Stjórn samþykkir tilboðið.

Jón G. Valgeirsson kom inn á fundinn að nýju.

3. Orkugerðin

Lögð var fram fundargerð 47. fundar stjórnar Orkugerðarinnar ehf.

4. Lokaskýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun í úrgangsmálum

Stjórn SOS fagnar því að unnið sé að stefnumörkun í málaflokknum.
Stjórnin gerir ekki athugasemdir við þær tillögur sem koma fram í skýrslunni.

5. Nessandur

Farið var yfir stöðu mála í viðræðuhópi SOS, Sorpu og Ölfuss.
Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 4. maí.

6. Framlenging á samningi við Sorpu

Samningur við Sorpu um móttöku á sorpi er að renna út.
Samþykkt var að leita eftir framlengingu á samningi til eins árs.

7. Gámaþjónustan. Nútíðin, framtíðin og flokkunarmöguleikar.

Fulltrúar Gámaþjónustunnar, Gunnar Bragason og Arngrímur Sverrisson komu inn á fundinn. Rætt var um þjónustu fyrirtækisins við sveitarfélög á Suðurlandi, samskipti vegna uppgjörs og upplýsingagjafar, ýmsar flokkunarleiðir og úrræði í úrgangsmálum.

8. Íslenska gámafélagið. Nútíðin, framtíðin og flokkunarmöguleikar.

Fulltrúar Íslenska gámafélagsins, Birgir Kristjánsson og Jóhann Haukur Björnsson komu inn á fundinn. Rætt var um þjónustu fyrirtækisins við sveitarfélög á Suðurlandi, samskipti vegna uppgjörs og upplýsingagjafar, ýmsar flokkunarleiðir og úrræði í úrgangsmálum.

9. Önnur mál

- a) Upplýsingar um sorpmagn, stjórn SOS samþykkir að óska eftir því við SASS að teknar verði saman upplýsingar sem innihalda samanburð milli ára 2014 og 2015 á sorpmagni niður á sveitarfélög.
- b) Frágangur í Kirkjuferjuháleigu, Ara B. Thorarensen er falið að sjá um áframhaldandi vinnu við frágang á svæðinu.

Fundi slitið kl. 16:30.